

íslenska

<b>Um þessar leiðbeiningar</b>	3
<b>1 Inngangur og yfirlit</b>	3
1.1 Ætluð notkun	3
1.2 Ábendingar	3
1.3 Frábendingar	3
1.4 Færni notanda	3
1.5 Tákn	3
1.6 Yfirlit yfir íhluti i900	4
1.6.1 Aukaíhlutir (Seldir sér)	4
1.7 Uppsetning i900 kerfisins	5
1.7.1 Grunnstillingar i900 (Medit Plug & Scan)	5
<b>2 Yfirlit yfir Medit Scan for Clinics</b>	6
2.1 Inngangur	6
2.2 Uppsetning	6
2.2.1 Vélbúnaðarkröfur	6
2.2.2 Leiðbeiningar fyrir uppsetningu á Medit Scan for Clinics	7
2.2.3 Notendaleiðbeiningar fyrir Medit Scan for Clinics	7
2.3 Villuskilaboð	7
<b>3 Viðhald</b>	8
3.1 Stilling	8
3.1.1 Hvernig á að stilla i900	8
3.2 Ferli fyrir þríf, sóttþreinsun og dauðþreinsun	8
3.2.1 Fjölnota oddur	8
3.2.2 Spegill	8
3.2.3 Handstykki	9
3.2.4 Aðrir íhlutir	9
3.3 Förgun	9
3.4 Uppfærslur á Medit Scan fyrir Clinics	9
<b>4 Öryggishandbók</b>	9
4.1 Grunnatriði kerfisins	9
4.2 Viðeigandi þjálfun	10
4.3 Ef búnaðurinn bilar	10
4.4 Hreinlæti	10
4.5 Öryggi varðandi rafmagn	10
4.6 Öryggi augna	11
4.7 Sprengihætta	11
4.8 Hætta á truflun við gangráð og ígræddan hjartastilli	11
<b>5 Upplýsingar um rafsegullegt samhæfi</b>	11
5.1 Losun rafsegulbylgja	11
5.2 Rafsegulónæmi	11
<b>6 Tæknilýsing</b>	14

## Um þessar leiðbeiningar

### Venjur í þessum leiðbeiningum

Í þessum leiðbeiningum eru notuð ýmis tákni til að leggja áherslu á mikilvægar upplýsingar til að tryggja rétta notkun, koma í veg fyrir meiðsl notandans og annarra og koma í veg fyrir eignatjón. Merkingu tákanna sem eru notuð er lýst hér fyrir neðan.



#### VIÐVÖRUN

VIÐVÖRUN táknið gefur til kynna öryggisupplýsingar sem gætu leitt til miðlungs hættu á meiðslum séu þær virtar að vettugi.



#### VARÚÐ

VARÚÐ táknið gefur til kynna öryggisupplýsingar sem gætu leitt til nokkurrar hættu á meiðslum, eignatjóni eða tjóni á kerfinu séu þær virtar að vettugi.



#### RÁÐ

RÁÐ táknið gefur til kynna ábendingar, ráðleggingar og frekari upplýsingar til að nota kerfið á sem bestan hátt.

## 1. Inngangur og yfirlit

### 1.1 Ætluð notkun

í900 kerfið er þrívíddarskanni fyrir munnhol og er ætlaður til að greina stafrænt lögum tanna og tannholds. í900 kerfið býr til þrívíddarmyndir sem nota má við tölvustudda hönnun og smíði við tannviðgerðir.

### 1.2 Ábendingar

í900 kerfið er til að skanna innanvert munnhol sjúklings. Ýmsir þættir (aðstæður í munnholi, reynsla notanda og vinnubrögð á staðnum) geta haft áhrif á lokaniðurstöðurnar þegar skannað er með í900 kerfinu.

### 1.3 Frábendingar

í900 kerfið er ekki ætlað til að mynda innri byggingu tanna eða beinabygginguna sem styður við tennurnar.

### 1.4 Færni notanda



#### VARÚÐ

- í900 kerfið er hannað fyrir notendur sem hafa fagbækkingu í tannlækningum og á tækni sem notuð er á tannlæknastofum.
- Notandi í900 ber einn ábyrgð á að leggja mat á hvort tæknið hentar tilfelli og aðstæðum tiltekins sjúklings.
- Notandi ber einn ábyrgð á að upplýsingarnar sem slegrar eru inn í í900 kerfið séu nákvæmar, fullnægjandi og engar upplýsingar vanti. Notandi skal sannreyna niðurstöðurnar og meta hvert einstakt tilfelli.
- í900 kerfið skal notað í samræmi við meðfylgjandi notendaleiðbeiningar.
- Röng notkun eða meðhöndlun í900 kerfisins ógildir ábyrgðina. Vinsamlegast hafðu samband við dreifingaraðilann á þínu svæði ef þig vantar frekari upplýsingar um rétta notkun í900 kerfisins.
- Notandi má ekki gera breytingar á í900 kerfinu.

### 1.5 Tákni

Nr.	Tákni	Lýsing
1		Raðnúmer
2		Lækningatæki
3		Framleiðsludagur
4		Framleiðandi
5		Varúð
6		Viðvörðun
7		Lesið notendaleiðbeiningarnar
8		Opinbert merki Evrópuvottorðsins
9		Viðurkennur fulltrúi innan Evrópu
10		BF gerð tiltekins hlutar
11		WEEE merking
12		Notkun samkvæmt læknisráði (BNA)
13		MET merking
14		Riðstraumur
15		Jafnstraumur
16		Takmarkanir á hitastigi: -10 – 50°C (14 – 122°F)
17		Rakastigstakmarkanir
18		Loftþrýstingstakmarkanir

19		Brothætt
20		Haldið þurru
21		Þessi hlíð upp
22		Stöflun meira en 14 laga er bönnuð
23		Lesið notkunarleiðbeiningar

## 1.6 Yfirlit yfir íhluti i900

Nr.	Hlutur (Heiti tegundar)	Fjöldi	Útlit
1	i900 Handstykki	1 stykki	
2	i900 Lok fyrir handstykki (MO1-HC1)	1 stykki	
3	Fjölnota oddur (Stór) (MO1-RTL)	2 stykki	
4	Fjölnota oddur (Meðalstærð) (MO1-RTM)	2 stykki	
5	Stillingartæki (MO1-CT1)	1 stykki	
6	Æfingamódel	1 stykki	
7	Haldari (MO1-DC)	1 stykki	
8	Veggfestur haldari (MO1-WH1)	1 stykki	
9	Aflgjafasnúra (2,5 m)	1 stykki	
10	Aflgjafasnúra (2 m)	1 stykki	
11	USB minnskubbur (Uppsetningarforrit fyrir Medit Scan for Clinics fylgir með)	1 stykki	
12	Notendaleiðbeiningar	1 stykki	

### 1.6.1 Aukaíhlutir (Seldir sér)

Nr.	Hlutur (Heiti tegundar)	Fjöldi	Útlit
1	Fjölnota oddur (Lítil) (MO1-RTS)	4 stykki	


#### VARÚÐ

- Geymdu æfingamódelið í svöllum stað fjarri beinu sólarljósi. Upplitað æfingamódel getur haft áhrif á niðurstöður úr æfingaham.
- Medit Scan for Clinics fylgir með á USB drifinu. Þessi vara virkar best í tölvu og skal ekki nota í öðrum tækjum. Ekki nota annað en USB tengi. Það gæti bilað eða kviknað í.

## 1.7 Uppsetning i900 kerfisins

### 1.7.1 Grunnstillingar i900 (Medit Plug & Scan)

Þú getur líka tengt i900 beint við tölvu án afgjafasnúru.




#### Kveikt á i900

① Tengdu i900 við tölvu þína með afgjafasnúrunni og skanninn kveikir sjálfkrafa á sér.



② Þegar straumur kemst á verða LED ljósin á bakhlið blá.




#### Slökkt á i900


Þegar þú aftengir afgjafasnúruna slokknar á skannann.



#### Haldari



#### Veggfestur haldari



## 2. Yfirlit yfir Medit Scan for Clinics

### 2.1 Inngangur

Medit Scan for Clinics hefur notendavænt viðmót til að taka upp lögum og eiginleika tanna og nærliggjandi vefs með i900 kerfinu.

### 2.2 Uppsetning

#### 2.2.1 Vélbúnaðarkröfur

Vélbúnaður sem mælt er með

Windows OS			macOS
	Fartölva	Borðtölva	Fartölva/Borðtölva
Örgjörvi	Intel Core i7-13700H Intel Core i7-12700H AMD Ryzen 7 7735H AMD Ryzen 7 6800H	Intel Core i7-13700K Intel Core i7-12700K AMD Ryzen 7 7700X AMD Ryzen 7 5800X	M1 Pro (10-kjarna örgjörvi, 16-kjarna grafískur örgjörvi) M2 (8-kjarna örgjörvi, 10-kjarna grafískur örgjörvi) M2 Pro (10-kjarna örgjörvi, 16-kjarna grafískur örgjörvi)
Vinnsluminni	32GB		24 GB
Skjá kort	NVIDIA GeForce RTX 4060 (VRAM 8 GB eða meira) NVIDIA GeForce RTX 3070 (VRAM 8 GB eða meira) NVIDIA RTX A3000 (VRAM 8 GB eða meira) * AMD Radeon er ekki stutt.		
Stýrikerfi	Windows 10 Pro 64-bit Windows 11 (mælt með fyrir Intel Core örgjörva af 12. kynslóð eða nýrri)		Monterey 12 Ventura 13

Lágmarks vélbúnaður

Windows OS			macOS
	Fartölva	Borðtölva	Fartölva/Borðtölva
Örgjörvi	Intel Core i5-13500H Inter Core i5-12500H AMD Ryzen 5 7535HS AMD Ryzen 5 6600H	Intel Core i5-13400 Intel Core i5-12400 AMD Ryzen 5 7500 AMD Ryzen 5 5600	M1 (8-kjarna örgjörvi, 7-kjarna grafískur örgjörvi) M2 (8-kjarna örgjörvi, 8-kjarna grafískur örgjörvi)
Vinnsluminni	16 GB		16 GB
Skjá kort	NVIDIA GeForce RTX 4050 (VRAM 6 GB eða meira) NVIDIA GeForce RTX 3060 (VRAM 6 GB eða meira) NVIDIA RTX A2000 (VRAM 6 GB eða meira) * AMD Radeon er ekki stutt.		
Stýrikerfi	Windows 10 Pro 64-bit Windows 11 (mælt með fyrir Intel Core örgjörva af 12. kynslóð eða nýrri)		Monterey 12 Ventura 13



Vinsamlegast heimsæktu [meditlink.com](https://meditlink.com) til að fá nýjustu og nákvæmu vélbúnaðarkröfumarnar.




Notaðu tölvu og skjá sem uppfylla IEC 60950, IEC 55032, IEC 55024.



Það getur verið að tækið virki ekki ef þú notar aðrar snúrun en USB 3.0 snúruna frá Medit. Medit ber ekki ábyrgð á vandamálum sem hljófast af snúrum öðrum en USB 3.0 snúrunni frá Medit. Gættu þess að nota eingöngu USB 3.0 snúruna sem fylgir með tækinu.

## 2.2.2 Leiðbeiningar fyrir uppsetningu á Medit Scan for Clinics

① Keyrðu "Medit\_Scan\_for\_Clinics\_XXX.exe" skrána.




② Veldu tungumál og smeltu á „Next“.




③ Veldu uppsetningarslóð.



④ Lestu „License Agreement“ vandlega áður en þú hakar við „I agree to the License terms and conditions.“ og smeltu svo á „Install“.




⑤ Það gæti tekið nokkrar mínútur að ljúka uppsetningarferlinu. Vinsamlegast slökktu ekki á tölvunni fyrr en uppsetningunni er lokið.



⑥ Endurræstu tölvuna þegar uppsetningunni er lokið til að tryggja rétta virkni forritsins.



Uppsetningin gengur ekki þegar i900 kerfið er tengt við tölvuna. Vinsamlegast aftengdu i900 USB 3.0 snúruna frá tölvunni áður en uppsetningin hefst.





## 2.2.3 Notendaleiðbeiningar fyrir Medit Scan for Clinics

Vinsamlegast ráðfærðu þig við notendaleiðbeingarnar fyrir Medit Scan for Clinics: Medit Scan for Clinics > Menu > User Guide.

## 2.3 Villuskilaboð

Medit i900 skannarkerfið sýnir villuboð sem gera notendum kleift að bera kennsl á veldbúnað og kerfisáðstæður. Sum skilaboð innihalda lausnir til að aðstoða notendur við sjálfsgreiningu og lausn vandamála. Villuskilaboð eru sett fram í einföldum texta og myndum er bætt við þegar þörf krefur til að auka skilning.



Ef leiðbeingarnar í villuskilaboðunum taka ekki á vandamálinu, skaltu vinsamlega hafa samband við staðbundinn dreifingaraðila sem þú keyptir skannarkerfið þitt frá eða support@medit.com.

### 3. Viðhald



#### VARÚÐ

- Eingöngu starfsmaður eða starfsfólk Medit eða fyrirtækis vottað af Medit skal sinna viðhaldi tækjabúnaðarins.
- Almenn þurfa notendur ekki að sinna viðhaldsvinnu fyrir i900 kerfið annarri en stillingu, þrífum og sóthreinsun. Það er ekki þörf fyrir fyrirbyggjandi skoðanir og annað reglulegt viðhald.

#### 3.1 Stilling

Regluleg stilling er nauðsynleg til að búa til nákvæm líkón í þrívídd. Þú átt að stilla þegar:

- Gæði þrívíddarlíkansins eru ekki áreiðanleg eða nákvæm samanborið við fyrri niðurstöður.
  - Aðstæður eins og hitastig hafa breyst.
  - Tímabil stillingarinnar er litið.
- Þú getur stillt tímabil stillingarinnar í Menu > Settings > Calibration Period (Days).



Stillingarborðið er viðkvæmur íhlutur.

Snertu ekki borðið. Athugaðu stillingarborðið ef stillingin gengur ekki rétt fyrir sig. Ef stillingarborðið er mengað, hafðu vinsamlegast samband við þjónustuaðilann þinn.



Ef stillingartækið er of lengi við hitastig sem er lægra en það sem Medit gefur upp í leiðbeiningunum um notkun og geymslu kann snúningshreyfing tækisins að skerðast. Ef svo er getur tækið skemmt sé afli beitt til að snúa því. Hafðu stillingartækið við ræðlag hitastig fyrir notkun til að forðast þetta.



Við mælum með að stilla tækið reglulega.

Þú getur stillt tímabil stillingarinnar í Menu > Settings > Calibration Period (Days). Sjálfgefin stilling fyrir tímabil stillingar er 14 dagar.

#### 3.1.1 Hvernig á að stilla i900

- 1 Kveiktu á i900 og ræstu Medit Scan for Clinics.
- 2 Keyrðu Calibration Wizard neðst á aðalækjastikunni í Medit Scan for Clinics.
- 3 Undirbúðu stillingartækið og i900 handstykkið.
- 4 Snúðu skifunni á stillingartækinu í upphafsstöðu.
- 5 Settu i900 handstykkið í stillingartækið.
- 6 Smelltu á „Next“ til að hefja stillingarferlið.
- 7 Ef stillingartækið er fest vel í rétta stöðu mun kerfið sjálfkrafa ná í gögnin.
- 8 Þegar búið er að ná í gögnin í upphafsstöðu skaltu snúa skifunni í næstu stöðu.
- 9 Endurtaktu skrefin þar til lokastöðu er náð.
- 10 Þegar búið er að ná í gögnin í lokastöðu, reiknar kerfið sjálfkrafa út og sýnir niðurstöður stillingarinnar.

#### 3.2 Ferli fyrir þríf, sóthreinsun og dauðhreinsun

##### 3.2.1 Fjölnota oddur

Fjölnota oddurinn er sá hluti sem er staðsettur í munnri sjúklunga meðan á skönnun stendur og er endurnýtanlegur í takmarkaðan fjölda skipta. Hreinsa þarf oddinn og dauðhreinsa milli notkunar sjúklings til að forðast krossmengun.

##### Hreinsun og sóthreinsun

- Þrífðu oddinn strax eftir notkun með sápuvani og burstu. Við mælum með að nota mildan uppvottalög. Gakktu úr skugga um að spegillinn á oddinum sé alveg hreinn og laus við bletti eftir þrífni. Ef spegillinn virðist blettóttrur eða með móðu, þrífðu hann þá aftur og skolaðu vandlega með vatni. Þurrkaðu spegillinn gætilega með pappír.
- Hreinsaðu fjölnota oddana með sóthreinsiefnum sem innihalda 15% eða minna isóprópylalkóhól (IPA) og þurrkaðu þá.
  - » Vinsamlega lestu þér til um rétta notkun í handbók sóthreinsiefnisins.
  - » Þú getur fundið lista yfir sóthreinsiefni sem mælt er með í Medit hjálparmiðstöðinni á <https://support.medit.com/hc>.
- Taktu oddinn úr lausninni sem var notuð og skolaðu vandlega eftir þríf og dauðhreinsun.
- Notaðu dauðhreinsaðan og mjúkan klút til að þurrka spegillinn og oddinn gætilega.

##### Dauðhreinsun

- Oddinn skal þrifa í höndunum með sóthreinsunarláusu. Þegar búið er að þrifa og sóthreinsa hann, skal skoða spegillinn inni í oddinum til að tryggja að þar sé engir blettir eða kám.
- Endurtaktu þríf- og sóthreinsunarferlið ef þörf krefur. Þurrkaðu spegillinn gætilega með bréfi.
- Settu oddinn í pappirspoka til dauðhreinsunar og lokaðu fyrir og gættu þess að hann sé loftþéttur. Notaðu annað hvort sjálfmíandi eða hitalokaðan poka.
- Dauðhreinsaðu innvafinn oddinn í gufusæfi við eftirfarandi aðstæður:
  - » Dauðhreinsaðu í 10 mínútur við 135°C (275°F) við þyngdarkerft og þurrkaðu í 30 mínútur.
  - » Dauðhreinsaðu í 4 mínútur við 134°C (273,2°F) við forloftæmi og þurrkaðu í 20 mínútur.
- Notaðu kerfi í gufusæfinum sem þurrkar innvafinn oddinn áður en þú opnar gufusæfinn.
- Hægt er að dauðhreinsa oddinn af skannanum allt að 150 sinnum og eftir það þarf að farga honum samkvæmt hlutanum um förgun.
- Tíminn og hitastigið í gufusæfinum getur verið mismunandi eftir gerð og framleiðanda gufusæfisins. Af þessari ástæðu getur verið að hann nái ekki mesta fjölda skipta. Vinsamlegast lestu í notendaleiðbeiningum framleiðanda gufusæfisins sem þú ert að nota til að ákvarða hvort skilyrðin séu uppfyllt.



#### VARÚÐ

- Spegillinn á oddinum er viðkvæmur sjónfræðilegur íhlutur sem skal meðhöndla gætilega til að tryggja bestu gæði við skönnun. Gættu þín að rispa ekki eða óhreinka hann þar sem skemmd eða óhreinnindi geta haft áhrif á gögnin sem safnast.
- Gættu þess að velja oddinum alltaf inn áður en þú setur hann í gufusæfi. Ef þú vefur oddinum ekki inn áður en hann er settur í gufusæfinn, koma blettir á spegillinn sem er ekki hægt að ná af. Lestu handbókina með gufusæfinum til að fá frekari upplýsingar.
- Oddar sem hafa verið þrífir, sóthreinsaðir og dauðhreinsaðir verða að vera dauðhreinsaðir þar til þeir eru notaðir á sjúklinginn.
- Medit ber ekki ábyrgð á tjóni eins og aflögun oddsins, sem verður við þríf, sóthreinsun eða dauðhreinsun þegar leiðbeiningunum að ofan er ekki fylgt.

#### 3.2.2 Spegill

Óhreinnindi eða klessur á speglinum á oddinum getur leitt til lakra gæða við skönnun og slæmrar upplifunar af skönnuninni. Þá skal þrifa spegillinn samkvæmt eftirfarandi skrefum:

- 1 Aftengdu oddinn á skannanum frá i900 handstykkinu.
- 2 Helltu alkóhólí á hreinan klút eða bómullarpinna og strjúktu af speglinum. Gættu þess að alkóhólíð sé laust við óhreinnindi sem gæti skilið eftir bletti á speglinum. Þú getur notað annað hvort etanol eða própánól (etyl-/própýl alkóhól).
- 3 Þurrkaðu af speglinum með þurrum klút sem er laus við ló.
- 4 Gakktu úr skugga um að spegillinn sé laus við ryk og trefjar. Endurtaktu þrífni eftir þörfum.



### 3.2.3 Handstykkí

Eftir notkun, skal þrifa og sótthreinsa alla aðra fleti á i900 handstykkinu nema fremri hlið skannans (ljósop) og endann (loftunargat). Það þarf að vera slökkt á tækinu þegar það er þrifið og sótthreinsað. Notaðu tækið aðeins þegar það er orðið alveg þurr.

Við mælum með lausn af eðlissviptu alkóhóli (etylalkóhóli eða etanóli) við þrif og sótthreinsun - yfirleitt með 60-70 % alkóhóli af rúmmáli.

Almennt er ferlið fyrir þrif og sótthreinsun eftirfarandi:

- ① Slökktu á rafmagni með því að taka rafmagnsnúruna úr sambandi við tækið.
- ② Þrifu síuna á framhluta i900 handstykkisins.
  - » Sé alkóhóli hellt beint á síuna, getur það runnið inn í i900 handstykkíð og valdið bilun.
  - » Ekki þrifa síuna með því að hella alkóhóli eða hreinsilausn beint á síuna. Þurrka skal gætilega af síunni með bómullarklút eða öðrum mjúkum klút sem bleyttur hefur verið með alkóhóli. Ekki þurrka af með hendinni eða harkalega.
  - » Meit ber ekki ábyrgð á tjóni eða bilun sem verður við þrif þegar leiðbeiningunum að ofan er ekki fylgt.
- ③ Eftir að sían hefur verið hreinsuð skaltu setja hlífina framan á i900 handstykkíð.
- ④ Helltu sótthreinsiefni á mjúkan klút sem er laus við ló.
- ⑤ Þurrkaðu af yfirborði skannans með klútnum.
- ⑥ Þurrkaðu yfirborðið með hreinum, þurrum og mjúkum klút sem er laus við ló.

#### VARÚÐ

- Ekki þrifa i900 handstykkíð þegar kveikt er á tækinu og vökvi gæti komist inn í skannann og valdið tjóni.
- Notaðu tækið þegar það er orðið alveg þurr.
- Sprungur geta komið fram ef röng hreinsi- og sótthreinsunarlausn er notuð við þrif.

### 3.2.4 Aðrir íhlutir

- Helltu hreinsi- og sótthreinsunarlausn á mjúkan klút sem er laus við ló.
- Þurrkaðu af yfirborði íhlutarins með klútnum.
- Þurrkaðu yfirborðið með hreinum, þurrum og mjúkum klút sem er laus við ló.

#### VARÚÐ

- Sprungur geta komið fram ef röng hreinsi- og sótthreinsunarlausn er notuð við þrif.

### 3.3 Förgun

#### VARÚÐ

- Það þarf að dauðhreinsa oddinn á skanninum fyrir förgun. Dauðhreinsaðu oddinn eins og lýst er í kaflanum „3.2.1 Fjölnota oddur.“
- Fargaðu oddinum á skanninum eins öðrum læknisfræðilegu, úrgangi.
- Aðrir íhlutir eru hannaðir til að standast kröfur í eftirfarandi reglugerðum:
  - Reglugerð um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði. (2011/65/ESB)
  - Reglugerð um rafrænan úrgang. (2012/19/ESB)

### 3.4 Uppfærslur á Meit Scan fyrir Clinics

Meit Scan for Clinics atugar sjálfkrafa hvort uppfærslur séu fáanlegar þegar hugbúnaðurinn er í notkun. Ef ný útgáfa af hugbúnaðinum er gefin út mun kerfið sjálfkrafa sækja hana.

## 4. Öryggishandbók

Vinsamlegast fylgið öllum öryggisferlum sem lýst er í þessum notendaleiðbeiningum til að koma í veg fyrir meiðsl á fólk og tjón á búnaði. Þetta skjal notar orðin VIDVÖRUN og VARÚÐ til að leggja áherslu á varúðarskiaboð.

Lestu leiðbeiningarnar vandlega og skildu þær, þar með talin öll fyrirbyggjandi skilaboð sem koma á eftir orðunum VIDVÖRUN og VARÚÐ. Gætu þess að fylgja öryggisleiðbeiningunum í þau til að forðast meiðsl og tjón á búnaðinum. Það þarf að fylgja öllum fyrirmælum og vanaðarorðum í Öryggisleiðbeiningunum til að tryggja rétta virkni kerfisins og persónulegt öryggi.

Eingöngu tannlæknar og þeir sem þjálfaðir eru í notkun þess eiga að nota i900 kerfið. Notkun i900 kerfisins til einhvers annars en tilætlaðra nota eins og þeim er lýst í kaflanum „1.1. Ætluð notkun“ getur leitt til meiðsla eða tjóns á búnaðinum. Vinsamlegast meðhöndlið i900 kerfið samkvæmt leiðbeiningunum í öryggishandbókinni.

Öll alvarleg atvik sem verða og tengjast tækinu ber að tilkynna til framleiðanda lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu þar sem notandinn sjúklingurinn hafa aðsetur.

### 4.1 Grunnatriði kerfisins

i900 kerfið er mjög nákvæmt sjónrænt lækningatæki. Kynntu þér öll eftirfarandi öryggis- og notkunarfræðilega fyrir uppsetningu og notkun i900.

#### VARÚÐ

- Ef varan hefur verið geymd í köldu umhverfi, gefðu henni þá tíma til að aðlagast hitastiginu í umhverfinu fyrir notkun. Sé það notað strax getur raki myndast sem getur skemmt rafbúnaðinn inni í tækinu.
- Gakktu úr skugga um að íhlutirnir sem fylgja eru heilir og óskaðaðir. Ekki er hægt að tryggja öryggi ef tækið er skemmt.
- Athugaðu hvort i900 handstykkíð og fylgihlutir þess hafi einhverjar hvassar brúnir.
- i900 kerfið á að vera fest í haldara eða veggfestan haldara þegar það er ekki notkun.
- Ekki setja haldarann upp á hallandi yfirborð.
- Ekki setja neinn hlut á i900 kerfið.
- Ekki setja i900 kerfið á heitt eða blautt yfirborð.
- Ekki loka fyrir loftúttökin aftan á i900 kerfinu. i900 kerfið getur skemmt og hætt að virka ef búnaðurinn ofhitnar.

- Ekki hella neinum vökva á 1900 kerfið.
- 1900 handstykkid og aðrir íhlutir sem fylgja með eru búnir til úr rafrænum íhlutum. Ekki hleypa vökva eða aðskotahlutum inn í þá.
- Ekki toga eða beygja snúruna sem tengd er við 1900 kerfið.
- Komdu öllum snúrnum vandlega fyrir svo að hvorki þú né sjúklingur þinn hrasa eða flækist í þeim. Ef togað er í snúrurnar getur það skaðað 1900 kerfið.
- Hafðu alltaf rafmagnsnúru 1900 kerfisins á aðgengilegum stað.
- Hafðu alltaf auga á vörnunni og sjúklingnum þínum meðan þú notar vöruna til að koma auga á eitthvað óvenjulegt.
- Stiltu, þrífðu, sótthreinsaðu og dauðhreinsaðu tækid í samræmi við notendaleiðbeiningar.
- Ekki reyna að nota oddana aftur ef þú missir þá í gölfid. Flegdyð oddinum strax þar sem hættu er á að spegillinn sem er fastur við oddinn hafi losnað.
- Það þarf að fara varlega með oddana vegna þess hve viðkvæmir þeir eru. Gættu þess að oddurinn komi ekki við tennur eða tannviðgerðir sjúklingins til að koma í veg fyrir skemmdir á honum og innri speglinum.
- Ef 1900 kerfið dettur á gölfid eða ef einingin verður fyrir hnjaski, þarf að stilla kerfið fyrir notkun. Ráðfærðu þig við framleiðanda eða viðurkenndan endursöluaðila ef tækid nær ekki sambandi við hugbúnaðinn.
- Ef búnaðurinn starfar ekki eðlilega eða ónákvæmlega, hættu þá að nota vöruna og hafðu samband við framleiðanda eða viðurkenndan endursöluaðila.
- Settu upp og notaðu aðeins viðurkennd forrit til að tryggja rétta virkni 1900 kerfisins.
- Verði alvarlegt slys í tengslum við 1900 kerfið, láttu framleiðanda vita um það og tilkynntu það til lögbærra yfirvalda í landinu þar sem notandi og sjúklingur dveljast.
- Ef tölvun þar sem hugbúnaðurinn er settur upp hefur ekki öryggishugbúnað eða ef það er hættu á að illgjarn kóði komist inn á netið, getur spilliforrit brotist inn í tölvuna (illgjarn hugbúnaður eins og veitur eða ormar sem skemma tölvuna þína).
- Hugbúnaðinn með þessari vöru verður að nota í samræmi við lög um vernd sjúkra- og persónuupplýsinga.
- Til að veita rafefnaingrun og viðhalda rafmagnsöryggi er húðun sett á til að einangra tækid nema á þeim svæðum þar sem USB tengin eru staðsett.

## 4.2 Viðeigandi þjálfun

### ⚠ VIDVÖRUN

Áður en þú notar 1900 kerfið á sjúklinga:

- Eftir þú að hafa hlotið þjálfun í notkun kerfisins eða hafa lesið og skilið að fullu þessar notendaleiðbeiningar.
- Eftir þér að vera kunnugt um örugga notkun 1900 kerfisins, eins og henni er lýst í þessum notendaleiðbeiningum.
- Áður en notkun hefst eða eftir að einhverjum stillingum hefur verið breytt, ætti notandi að athuga að myndin birtist eðlilega í sýnishornsglugga myndavélarinnar í forritinu.

## 4.3 Ef búnaðurinn bílar

### ⚠ VIDVÖRUN

Ef 1900 kerfið virkar ekki rétt eða ef þig grunar að eitthvað ami að búnaðinum:

- Taktu tækid úr munnri sjúklingins og hættu notkun strax.
- Aftengdu tækid frá tölvunni og athugaðu með villuskilaboð.
- Hafðu samband við framleiðanda eða viðurkenndan endursöluaðila.
- Lögum samkvæmt má ekki eiga við 1900 kerfið þar sem það getur stofnað öryggi notanda, sjúkling eða þriðja aðila í hættu.

## 4.4 Hreinlæti

### ⚠ VIDVÖRUN

Til að halda starfsumhverfinu hreinu og gæta að öryggi sjúkling skaltu ALLTAF nota hreina einnota hanska þegar:

- Þú meðhöndlar og skiptir út oddinum.
- Notar 1900 kerfið á sjúklinga.
- Kemur við 1900 kerfið.

### ⚠ VIDVÖRUN

1900 kerfið og sjóngluggi þess skal alltaf vera hreint. Áður en þú notar 1900 kerfið á sjúkling, gættu þess að:

- Dauðhreinsaðu 1900 kerfið eins og lýst er í kaflanum „3.2 Ferli fyrir þríf, sótthreinsun og dauðhreinsun.“
- Nota dauðhreinsaðan odd.

## 4.5 Öryggi varðandi rafmagn

### ⚠ VIDVÖRUN

- 1900 kerfið er tækid í flokk I.
- 1900 kerfið þarf að vera tengt við rafmagn með jarðtengingu til að koma í veg fyrir raflost. Ef þú getur ekki stungið klónni sem fylgir með 1900 í innstunguna, hafðu þá samband við rafvirkja til að skipta út klónni eða innstungunni. Ekki reyna að sniðganga þessar öryggisleiðbeiningar.
- Ekki nota kló með jarðtengingu sem er tengd við 1900 kerfið til neins annars en ætlast er til.
- Hátiðniorkan er eingöngu notuð innan 1900 kerfisins. Hátiðniorkan er lítil og trufar ekki nálæga rafsegulgeislu.
- Það er hættu á raflosti ef þú reynir að komast að innviðum 1900 kerfisins. Aðeins hæfir þjónustuaðilar ættu að hafa aðgang að kerfinu.
- Ekki tengja 1900 kerfið við venjulegt fjöltengi eða framlengingarsnúru, þar sem slíkar tengingar eru ekki eins öruggar og jarðtengdar innstungur. Sé þessum öryggisleiðbeiningum ekki fylgt getur það leitt til eftirfarandi hættu:
  - » Heildar skammhlaupsstraumur alls tengds búnaðar gæti farið yfir hámarkið sem gefið er upp í EN/IEC 60601-1.
  - » Samviðnám jarðtengingarinnar gæti farið yfir hámarkið sem gefið er upp í EN/IEC 60601-1.
- Ekki setja vökva eins og drykki nálægt 1900 kerfinu og forðastu að hella vökva á kerfið.
- Helltu aldrei nokkurs konar vökva á 1900 kerfið.
- Rakapétting vegna breytinga á hita- eða rakastigi getur valdið rakamyndun inni í 1900 kerfinu, sem getur skaðað kerfið. Áður en þú tengir 1900 kerfið við rafmagn, skaltu geyma 1900 kerfið við stofuhita í að minnsta kosti tvær klukkustundir til að koma í veg fyrir rakapéttingu. Ef sýnilegur raki er á yfirborði vörunnar skal geyma 1900 kerfið við stofuhita í meira en 8 klukkustundir.
- Þú skalt eingöngu taka strauminn af 1900 kerfinu með því að taka rafmagnsnúruna úr sambandi.
- Þegar þú aftengir rafmagnsnúruna, haltu þá í yfirborð klóarinnar til að taka hana úr.
- Slökku á tækinu með takkanum á handstykkinu áður en þú aftengir.
- Vegna LOSUNAR eiginleika sinna hentar þessi búnaður til nota á iðnaðarsvæðum og sjúkrahúsum (CISPR 11 flokk A).
- Sé hann notaður í íbúabyggð (sem krefst yfirleitt CISPR 11 flokk B), getur verið að þessi búnaður veiti samskiptarásum á útvarpstíðni ekki fullnægjandi vernd.
- Forðastu að toga í boðskiptasnúrnar, rafmagnsnúrnar og aðrar snúrir í 1900 kerfinu.
- Notaðu aðeins straumbreyta fyrir lækningatæki sem ætlaðir eru til notkunar með 1900. Aðrir straumbreytar gætu skemmt 1900 kerfið.
- Ekki snerta tengin á tækinu og sjúklinginn samtímis.

#### 4.6 Öryggi augna



##### VIÐVÖRUN

- Á oddinum í 900 kerfinu myndast skaert ljós þegar hann skannar.
- Þetta bjarta ljós sem myndast á oddi 900 kerfisins er ekki skaðlegt fyrir augun. Þú skalt samt ekki horfa beint í bjarta ljósið né beina ljósgeislanum í augu annarra. Almennt séð getur mjög bjart ljós gert augun stökk og miklar líkur eru á eftirköstum. Eins og gildir með áhrif af öðru mjög björtu ljósi getur þú fundið fyrir tímabundinni sjónskerðingu, óþægindum eða óskýrri sjón, en allt þetta getur valdið eftirköstum.
- Það er dífóða sem getur frá sér ljós á UV-C bylgjulengd inni í 900 handstykkinu. Það lýsir aðeins inni í 900 handstykkinu og nær ekki út. Bláa ljósið sem er sýnilegt inni í 900 handstykkinu er til leiðsagnar.
- Það er ekki UV-C ljós. Það getur ekki skaðað mannslíkamann.
- Bylgjulengd ljóssins frá UV-C díóðunni er á bilinu 270-285 nm.
- Fyrirvari um hættur vegna sjúklunga með flogaveiki  
Medit 900 má ekki nota á sjúklunga sem greindir hafa verið með flogaveiki vegna hættunnar á flogum og meiðslum. Af sömu ástæðu mega tannlæknar sem hafa verið greindir með flogaveiki ekki nota Medit 900.

#### 4.7 Sprengihætta



##### VIÐVÖRUN

- 900 kerfið er ekki hannað til notkunar nálægt eldfimum vökva, gasi eða í súrefnisríku umhverfi.
- Það er sprengihætta ef þú notar 900 kerfið nálægt eldfimum svæfingarlyfjum.

#### 4.8 Hætta á truflun við gangráð og ígræddan hjartastilli



##### VIÐVÖRUN

- Sum tæki geta truflað ígrædda hjartastilla og gangráða.
- Hafðu tækið í hæfilegri fjarlægð frá gangráð eða ígræddum hjartastilli sjúklingsins þegar þú notar 900 kerfið.
- Ráðfærðu þig við handbækur framleiðanda aukahluta sem hægt er að nota með 900 til að fá frekari upplýsingar.

## 5. Upplýsingar um rafsegullegt samhæfi

### 5.1 Losun rafsegulbylgja

900 kerfið er ætlað til notkunar í rafsegulumhverfi eins og lýst er að neðan. Viðskiptavinur eða notandi 900 kerfisins skal tryggja að það sé notað í slíku umhverfi.

Leiðbeiningar og yfirtýsing framleiðanda – Rafsegullosun		
Losunarpróf	Samræmi	Rafsegulumhverfi – Leiðbeiningar
Hátíðnilosun CISPR 11	Hópur 1	900 notar hátíðniorku eingöngu fyrir innri virkni. Þess vegna er losun hátíðniorku mjög lítil og er ólíklegt að hún truflí nálægan rafbúnað.
Hátíðnilosun CISPR 11	Flokkur A	
Yfirveifulosun IEC 61000-3-2	Flokkur A	900 hentar til notkunar á öllum stofnunum. Þar með talið innlendum stofnunum og þeim sem eru beintengdar við opinbera lágspennu rafmagnskerfið sem sér innlendum byggingum fyrir rafmagni.
Spennulökt / Flóktandi losun	Samræmist	



##### VIÐVÖRUN

900 er eingöngu ætlað til notkunar af heilbrigðisstarfsfólki. Þessi búnaður/kerfi getur valdið útværstruflunum og getur truflað notkun nálægs búnaðar. Það gæti reynst nauðsynlegt að gripa til fyrirbyggjandi aðgerða, eins og að snúa eða færa 900 eða verja staðinn.

### 5.2 Rafsegulónæmi

- **Leiðbeining 1**  
900 kerfið er ætlað til notkunar í rafsegulumhverfi eins og lýst er að neðan.  
Viðskiptavinur eða notandi 900 kerfisins skal tryggja að það sé notað í slíku umhverfi.

Leiðbeiningar og yfirtýsing framleiðanda – Rafsegulónæmi			
Ónæmispróf	IEC 60601 Prófstig	Samræmisstig	Rafsegulumhverfi – Leiðbeiningar
Stöðurafragnisúrhleðsla IEC 61000-4-2	± 8 kV contact ± 2 kV, ± 4 kV, ± 8 kV, ± 15 kV air	± 8 kV contact ± 2 kV, ± 4 kV, ± 8 kV, ± 15 kV air	Gólf skal veru úr timbri, steypu eða flisum. Ef gólf er þakið tilbúnu efni, er mælt með rakastigi upp á að minnsta kosti 30%.
Snöggur rafsvipull / Blossi IEC 61000-4-4	± 2 kV fyrir rafmagnslínur ± 1 kV fyrir inn-/úttök	± 2 kV fyrir rafmagnslínur ± 1 kV fyrir inn-/úttök	Gæði kerfisstraums skulu vera þau sömu og í dæmigerðu viðskipta- og spítalaumhverfi.

Höggstraumur IEC 61000-4-5	±0,5 kV, ±1 kV mismunaráttur	±0,5 kV, ±1 kV mismunaráttur	Gæði kerfisstraums skulu vera þau sömu og í dæmigerðu viðskipta- og spítalaumhverfi.
	±0,5 kV, ±1 kV, ±2 kV almennur háttur	±0,5 kV, ±1 kV, ±2 kV almennur háttur	
Spennudýfur, skammtíma truflanir og spennubreytingar í inntakslínunum IEC 61000-4-11	0% Ur (100% dýfa í Ur) fyrir 0,5/1 lotur 70% Ur (30% dýfa í Ur) fyrir 25/30 lotur 0% Ur (100% dýfa í Ur) fyrir 250/300 lotur	0% Ur (100% dýfa í Ur) fyrir 0,5/1 lotur 70% Ur (30% dýfa í Ur) fyrir 25/30 lotur 0% Ur (100% dýfa í Ur) fyrir 250/300 lotur	Gæði kerfisstraums skulu vera þau sömu og í dæmigerðu viðskipta- og spítalaumhverfi. Ef notandi i900 kerfisins krefst áframhaldandi virkni við truflarnir í inntaksstraumi, er mælt til að i900 kerfið sé knúðið frá uppsprettu sem ekki verður truflun á eða rafhlöðu.
Aftitöni rafsegulsvið (50/60Hz) IEC 61000-4-8	30 A/m	30 A/m	Aftitöni rafsegulsviða eiga að hafa svipaða eiginleika og í dæmigerðu viðskipta- og spítalaumhverfi.
Nálægðarrafsegulsvið á tíðnibilinu 9 kHz til 13,56 MHz ónáemi IEC 61000-4-39	8 A/m 30 kHz CW mótun  65 A/m 134,2 kHz PM 2,1 kHz  7,5 A/m 13,56 MHz PM 50 kHz	8 A/m 30 kHz CW mótun  65 A/m 134,2 kHz PM 2,1 kHz  7,5 A/m 13,56 MHz PM 50 kHz	Mótstaða gegn rafsegulsviðum var aðeins prófuð á yfirborðum lokaðra svæða eða aukahluta sem eru aðgengilegir við ætlaða notkun.

ATH: Ur er aðalspennan í riðstraumi áður en prófunarstigun er beitt.

Leiðbeining 2

Ráðlögð fjarlægð milli færans samskiptabúnaðar og i900			
Uppgefið hámark útafls sendisins [W]	Fjarlægð eftir tíðni sendisins [M]		
	IEC 60601-1-2:2014		
	150 kHz til 80 MHz $d = 1,2 \sqrt{P}$	80 MHz til 2,7 GHz $d = 2,0 \sqrt{P}$	
0,01	0,12	0,20	
0,1	0,38	0,63	
1	1,2	2,0	
10	3,8	6,3	
100	12	20	


Fyrir þá senda sem hafa uppgafið hámark útafls sem ekki er talið upp hér fyrir ofan má áætla ráðlagða fjarlægð (d) í metrum (m) með jöfnunni sem á við tíðni sendisins, þar sem P er uppgafið hámark útafls sendisins í vöttum (W) samkvæmt framleiðanda sendisins.

ATHUGASEMD 1: Í 80 MHz og 800 MHz á fjarlægðin fyrir hærra tíðnibilið við.

ATHUGASEMD 2: Þessar leiðbeiningar eiga ekki við í öllum aðstæðum. Ísog og endurkast frá byggingum, hlutum og fólki hefur áhrif á útbreiðslu rafsegulbylgna.

• **Leiðbeining 3**

i900 kerfið er ætlað til notkunar í rafsegulumhverfinu sem lýst er að neðan. Viðskiptavinur eða notandi i900 kerfisins skal tryggja að það sé notað í slíku umhverfi.

Leiðbeiningar og yfirtýsing framleiðanda – Rafsegulónæmi			
Ónæmispróf	IEC 60601 Prófstig	Samræmisstig	Rafsegulumhverfi – Leiðbeiningar
Framkvæmd hátíðni IEC 61000-4-6	3 Vrms 150 kHz til 80 MHz Utan ISM áhugamannabanda	3 Vrms	Færanlegan RF samskiptabúnað ætti ekki að færa nær nokkrum hluta úthljóðskerfisins, þar með talið snúrum, en sem nemur ráðlagri fjarlægð. Þetta er reiknað með jöfnunni sem notast við tíðni sendisins.  <b>Ráðlögð fjarlægð (d):</b> d = 1,2 √ P <b>IEC 60601-1-2:2007</b> d = 1,2 √ P 80 MHz til 800 MHz d = 2,3 √ P 80 MHz til 2,5 GHz <b>IEC 60601-1-2:2014</b> d = 2,0 √ P 80 MHz til 2,7 GHz
	6 Vrms 150 kHz til 80 MHz Innan ISM áhugamannabanda	6 Vrms	Par sem P er uppgæfið hámark útafls sendisins í vöttum (W) samkvæmt framleiðanda sendisins og d er ráðlögð fjarlægð í metrum (m). Styrkur sviðs frá óhreyfanlegum hátíðnisendum, eins og hann er fenginn með rafsegulgreiningu á staðnum, skal vera minni en samræmisstigið í hverju tíðnibili. Truflun gæti orðið nálægt búnaði sem merktur er með eftirfarandi tákni:
Hátíðnigæislaður IEC 61000-4-3	3 V/m 80 MHz til 2,7 GHz	3 V/m	

ATHUGASEMD 1: Í 80 MHz og 800 MHz á hærra tíðnibilið við.

ATHUGASEMD 2: Þessar leiðbeiningar eiga ekki við í öllum aðstæðum. Ísog og endurkast frá byggingum, hlutum og fólki hefur áhrif á útbreiðslu rafsegulbylgna.

ATHUGASEMD 3: ISM (Industrial, Scientific, and Medical [iðnaðar-, vísinda- og læknisfræði-]) böndin milli 150 kHz og 80MHz eru 6,765 MHz til 6,795 MHz; 13,553 MHz til 13,567 MHz; 26,957 MHz til 27,283 MHz og 40,66 MHz til 40,70 MHz.

• **Leiðbeining 4**

i900 er ætlað til notkunar í rafsegulmhverfi þar sem truflandi hátíðnigæislan er takmörkuð.

Færanlegan hátíðnisamskiptabúnað ætti ekki að vera nær nokkrum hluta i900 en 30 cm (12 tommur). Annars getur virkni búnaðarins rýnað.

Leiðbeiningar og yfirtýsing framleiðanda – Rafsegulónæmi					
Ónæmispróf	Band <sup>1)</sup>	Þjónusta <sup>1)</sup>	Mótun	IEC 60601 Prófstig	Samræmisstig
Nálægðarsvið frá þráðlausum hátíðnisamskiptum IEC 61000-4-3	380 – 390 MHz	TETRA 400	Púlsmótun 18 Hz	27 V/m	27 V/m
	430 – 470 MHz	GMRS 460; FRS 460	FM ±5 kHz Frávik 1 kHz sínus	28 V/m	28 V/m
	704 – 787 MHz	LTE Band 13, 17	Púlsmótun 217 Hz	9 V/m	9 V/m
	800 – 960 MHz	GSM 800;900; TETRA 800; iDEN 820; CDMA 850; LTE Band 5	Púlsmótun 18 Hz	28 V/m	28 V/m
	1700 – 1990 MHz	GSM 1800; CDMA 1900; GSM 1900; DECT; LTE Band 1, 3, 4, 25; UMTS	Púlsmótun 217 Hz	28 V/m	28 V/m
	2400 – 2570 MHz	Bluetooth; WLAN 802,11b/g/n; RFID 2450; LTE Band 7	Púlsmótun 217 Hz	28 V/m	28 V/m
5100 – 5800 MHz	WLAN 802,11a/n	Púlsmótun 217 Hz	9 V/m	9 V/m	

ATHUGASEMD: Þessar leiðbeiningar eiga ekki við í öllum aðstæðum. Ísog og endurkast frá byggingum, hlutum og fólki hefur áhrif á útbreiðslu rafsegulbylgna.

## ⚠ VIDVÖRUN

- Forðast skal notkun i900 kerfisins við hlíðina á eða ofan á öðrum búnaði þar sem það getur leitt til ófullnægjandi virkni. Ef þessi notkun er nauðsynleg er ráðlagt að fylgst sé með þessum og öðrum búnaði til að ganga úr skugga um að hann virki eðlilega.
- Notkun fylgihluta, ferjalda og snúra annarra en þeirra sem tilgreindar eru eða framleiddar af Medit með i900 getur leitt til mikillar rafsegulútgæslunar eða minna rafsegulnæmis búnaðarins og leitt til ófullnægjandi virkni.

<sup>1</sup> Fyrir sumu þjónustu fylgja aðeins útleiðartíðnir með.

## 6. Tæknilýsing

Heiti tegundar	MO1-i900	
Vöruheiti	i900	
Fjöldi í pakka	1 sett	
Málgildi	5 V <sup>~</sup> , 3 A	
Flokkun fyrir vernd gegn raflosti	Flokkur I, Tegund BF Hagnýtir hlutar (Fjölnota oddur)	
* Þessi vara er lækningatæki.		
Handstykkí (þar á meðal meðalstór oddur)		
Stærðir	223,4 x 36,7 x 35,3 mm (L x B x H)	
Þyngd	165 g	
Fjölnota oddur		
Mál – Allur oddur	Stór	36,1 x 34,1 x 90,8 mm (B x H x L)
	Meðalstærð	36,1 x 34,1 x 90,4 mm (B x H x L)
	Lítill	36,1 x 34,1 x 90,3 mm (B x H x L)
Mál – Haus odds	Stór	26,9 x 19,7 mm (B x H)
	Meðalstærð	22,4 x 16,3 mm (B x H)
	Lítill	18,36 x 13,1 mm (B x H)
Stillingartæki		
Stærðir	160 x 48,5 mm (H x Þvermál)	
Þyngd	205 g	
Aðstæður við notkun, geymslu og flutning		
Aðstæður við notkun	Hitastig	18 – 28°C (64,4 – 82,4°F)
	Rakastig	20 – 75% rakastig (sem þéttist ekki)
	Loftþrýstingur	800 – 1.100 hPa
Aðstæður við geymslu	Hitastig	-10 – 50°C (14 – 122°F)
	Rakastig	20 – 80% rakastig (sem þéttist ekki)
	Loftþrýstingur	800 – 1.100 hPa
Aðstæður við flutning	Hitastig	-10 – 50°C (14 – 122°F)
	Rakastig	20 – 80% rakastig (sem þéttist ekki)
	Loftþrýstingur	620 – 1.200 hPa
Losunartakmörk eftir umhverfi		
Umhverfi	Sjúkrahússumhverfi	
Leidd og útgæisluð háttíðnilosun	CISPR 11	



EU Representative

Meditrial Srl

Via Po 9 00198, Rome Italy  
Email: [ecrep@meditrial.eu](mailto:ecrep@meditrial.eu)  
Tel: +39-06-45429780



9F, 10F, 13F, 14F, 16F, 8, Yangpyeong-ro 25-gil,  
Yeongdeungpo-gu, Seoul, 07207,  
Republic of Korea Tel: +82-02-2193-9600

Contact for Product Support

Email: [support@medit.com](mailto:support@medit.com)  
Tel: +82-070-4515-722